

## Umhverfisnefndarfundur starfsmanna

27. febrúar 2019

**Mættir: Tedda, Sigurbjörg, Guðrún, Íris Tinna, Ingibjörg og Eyrún ritar fundargerð.**

### Erasmus + Hob's adventure verkefni

- Starfsmönnum greint betur frá Erasmus+ verkefninu sem leikskólanum bauðst að taka þátt í. Leikskólinn er að fara af stað í tveggja ára Erasmus+ verkefni í samstarfi við Grænfánann/Landvernd um lífbreytileika, en Landvernd bauð okkur þátttöku þar sem við höfum unnið svo flott starf í tengslum við lífbreytileika. Verkefnið gengur út á að þróa og prófa verkefni í tengslum við lífbreytileika (eða á mannamáli: að læra um pöddur, plöntur, dýr og vistkerfi) fyrir 5-9 ára börn í samstarfi við Grænfánaskóla í Eistlandi, Lettlandi og Slóveníu. Alls eru 11 skólar (leik- og grunnskólar) á Íslandi ásamt um 10 skólum frá Eistlandi, Lettlandi og Slóveníu.
- Hugmynd okkar að verkefni í Erasmus+ verkefninu. Farið yfir grunn að kennsluáætlun í tengslum við verkefnið. Öllum líst vel á.
- Út frá kennsluáætlun er hugmynd að gera lítinn matjurtargarð í leikskólanum í vor. Tillaga: Gott að senda heimilinum í hverfinu póst – hjálpumst að umgangast það að virðingu. Dreifimiðar og/eða Facebook.